# Tryggjum öruggt og ofbeldislaust íþrótta- og æskulýðsstarf í sumar

## Sumarið er að bresta á með námskeiðum, viðburðum og mótum. Mikilvægt er að tryggja öruggt umhverfi og taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðisbrotum og öðru ofbeldi.

Í þessu bréfi má finna leiðbeiningar um hvernig megi stuðla að því. Íþrótta- og æskulýðsfélögum ber að upplýsa starfsfólk, sjálfboðaliða og þátttakendur um til hvers er ætlast af þeim hvað varðar hegðun og framkomu og hvað gerist ef reglur eru brotnar. Siðareglur og viðbragðsáætlanir þurfa að vera kynntar og sýnilegar öllum.

Í íþrótta- og æskulýðslögum segir að engan megi ráða til starfa, eða sem sjálfboðaliða, sem hefur hlotið dóm fyrir kynferðisbrot einhvern tíma á lífsleiðinni eða fyrir fíkniefnabrot á síðustu fimm árum. Sömu lög gefa félögum heimild til þess að fletta aðilum upp í sakaskrá til að kanna þessi tvö atriði. Það er mikilvægt að félög sinni þessu vel og því til stuðnings hafa verið útbúnar leiðbeiningar um öflun upplýsinga úr sakaskrá.

Útbúin hefur verið samræmd viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp á.

Unnið hefur verið gagnvirkt netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu með fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreiti. Námskeiðið fjallar um einkenni barna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og hvernig bregðast skuli við ef barn greinir frá ofbeldi.

Fara skal yfir gátlista fyrir félög við nýráðningu starfsfólks og sjálfboðaliða. Á listanum eru atriði eins og að gera könnun á meðmælum, sækja gögn úr sakaskrá, fara yfir siðareglur, kynna viðbragðsáætlun og fara á netnámskeið um kynferðislegt ofbeldi og áreiti.

Á vefsíðunum 112.is og Stoppofbeldi má finna margvíslega fræðslu gegn ofbeldi.

Íþrótta- og æskulýðsfélög eiga að bregðast við öllum atvikum, stórum sem smáum, sem upp kunna að koma í þeirra starfi. Ekki hika við að fá leiðsögn samskiptaráðgjafa, 112, barnaverndar eða lögreglu ef spurningar eða áhyggjur vakna í sumar.

Með ósk um öruggt og ánægjulegt sumar fyrir öll.

112 EINN EINN TVEIR
Samskiptaráðgjafi
Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
Samband íslenskra sveitarfélaga
Barna- og fjölskyldustofa
Jafnréttisstofa
Embætti landlæknis
LÖGREGLAN

# Ensuring Safety in Sports Clubs and Youth Associations

## As summer approaches, we anticipate a great season filled with activities. Our top priority is to create a safe environment for all children involved, while taking a firm stance against bullying, sexual abuse and other violence.

Key Points:

1. Background and Expectations:
    - It is essential that all participants understand what is expected of them in terms of proper behavior.
    - Codes of Conduct should be openly discussed on a regular basis with staff, volunteers, parents and participants.
2. Legal Considerations:
    - Icelandic Acts on youth and sports organisations prohibit hiring or recruiting anyone with a history of sexual offenses or recent drug offenses.
    - Clubs have the right to check individuals against the criminal register.
3. Response Plan:
    - The Communications Counselor for Sports and Youth Activites (Samskiptaráðgjafi) has issued a coordinated response plan to address violence, bullying, accidents, and other incidents.
4. Education on Violence and Harassment:
    - Specialists at The National Agency for Children and Families have designed an interactive online course covering sexual and gender-based violence in collaboration with the Icelandic Youth Forum.
5. Recruitment Checklist:
    - When recruiting new staff and volunteers, follow a checklist that includes:
        - Verifying recommendations
        - Checking criminal records
        - Presenting Codes of Ethics to new recruits
        - Presenting the Response Plan to new recruits
        - Verifying that new recruits have completed obligatory online courses on sexual violence and harassment.
6. Additional Resources:
    - Explore information on violence prevention at 112.is and stoppofbeldi.is.

Remember, sports and youth organisations must promptly address any and all incidents of violence, bullying or sexual abuse that may occur. If you have questions or concerns this summer, do not hesitate to seek advice from The Communications Counselor for Sports and Youth Activites, 112, child protection services or the police.

Wishing everyone a safe and pleasant summer!

112 EINN EINN TVEIR · Samskiptaráðgjafi · Samband íslenskra sveitarfélaga · Barna- og fjölskyldustofa · Miðstöð menntunar og skólaþjónustu · Jafnréttisstofa · Embætti landlæknis · Lögreglan